



Árshlutareikningur

1. janúar til 30. júní 2026

SÝN 

Sýn hf.

Árshlutareikningur
1. janúar til 30. júní 2026

SÝN  SÝN+ SÝN Sport 

Bylgjan  FM957  X977 

Vísir  Tal  Já 

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9
Viðauki:	
Ársfjórðungsyfirlit	13

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sýn hf. er alhliða fjarskipta-, fjölmiðla- og tæknifyrirtæki sem veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum þjónustu í gegnum vörumerkin SÝN, SÝN+, SÝN Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, X977 og Já. Félagið er í stefnumarkandi alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group, eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga.

Niðurstaða ársheimingsins

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur félagsins af seldum vörum og þjónustu 11.020 millj. kr. og jukust um 3,2% frá sama tímabili í fyrra. Tap af rekstri félagsins á tímabilinu nam 506 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 29.456 millj. kr. 30. júní 2026. Eigið fé félagsins þann 30. júní 2026 nam 7.563 millj. kr. Þar af nam hlutafé 2.476 millj. kr. Hver hlutur er 10 krónur að nafnverði. Eiginfjárlutfallið 30. júní 2026 var 25,7%. Í lok tímabilsins voru stöðugildi félagsins 367 í samanburði við 393 í upphafi árs.

Tekjuvöxtur var í kjarnastarfsemi félagsins og afkoma fyrir afskriftir batnaði verulega á milli ára. Leiðrétt fyrir áhrifum af Sendafélaginu, sem varð hlutdeildarfélag í árslok 2025, jukust tekjur um 6% á milli ára. Tekjur af fjölmiðlun jukust um 13% á milli ára, meðal annars vegna sýningarréttar á Enska boltanum og fjölgunar sjónvarpsáskrifta, en á móti drógust tekjur af fjarskiptum lítillega saman, einkum vegna sveiflna í tekjum af IoT-þjónustu og minni tekna af Sendafélaginu. Rekstrarafkoma fyrir afskriftir (EBITDA) nam 2.412 millj. kr. og hækkaði um 25,3% á milli ára og EBITDAaL nam 1.837 millj. kr. og hækkaði um 41,8%. Launakostnaður lækkaði á milli ára en afskriftir hækkuðu, einkum vegna aukinna afskrifta sýningarrétta. Handbært fé frá rekstri nam 1.926 millj. kr. á tímabilinu. Hreinar vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga lækkuðu um 1.067 millj. kr. frá árslokum 2025 og námu 5.623 millj. kr. í lok tímabilsins.

Þann 12. mars 2026 undirrituðu Sýn hf. og Ásar hf. (áður Síminn hf.) skilmálaskjal um kaup Ása á vef- og útvarpsmiðlum Sýnar. Frestur samkvæmt skilmálaskjalinu til að ljúka gerð endanlegs kaupsamnings rann út þann 23. ágúst sl. án þess að kaupsamningur væri undirritaður og er samningaviðræðum þar með lokið. Sýn uppfyllti forsendur skilmálaskjalsins, þar á meðal forsendur fyrir umsömdu kaupverði er lúta að tekjum og rekstrarafkomu einingarinnar. Vefmiðlar og útvarpsstöðvar félagsins eru öflugar einingar í góðum rekstri og munu áfram styðja við kjarnastarfsemi þess. Niðurstaðan hefur engin áhrif á útgefna afkomuspá félagsins fyrir árið 2026.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2026 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. ágúst 2026

Í stjórn

Hákon Stefánsson, stjórnarformaður

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir

Heiðrún Lind Marteinsdóttir

Rannveig Eir Einarsdóttir

Ragnar Páll Dyer, varaformaður

Forstjóri

Herdís Dröfn Fjeldsted

Fjárhagslegar lykiltölur

	2026 2F	2025 2F	2026 6M	2025 6M
Fjárhagsupplýsingar				
Heildartekjur	5.559	5.407	11.020	10.677
EBITDA tímabilsins	1.288	1.037	2.412	1.925
EBITDAaL tímabilsins*	995	716	1.837	1.295
Tap fyrir tekjuskatt	(269)	(219)	(633)	(652)
Tap tímabilsins	(215)	(174)	(506)	(518)
Tap á hlut	(0,87)	(0,70)	(2,04)	(2,11)
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum	149	220	400	383
Fjárfestingar í sýningarréttum	542	404	1.128	720
EBITDAaL að fráðregnum fjárfestingum	305	92	310	192
Handbært fé frá rekstri	871	481	1.926	1.331
	30.6. 2026	31.3. 2026	31.12. 2025	30.6. 2025
Hreinar vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	5.623	5.663	6.690	6.216
Hreinar vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingum	17.815	17.974	19.097	18.274

* EBITDAaL er EBITDA að fráðregnum hreinum leigugreiðslum.

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2026

	Skýr.	2026 2F	2025 2F*	2026 6M	2025 6M*
Rekstrartekjur					
Seldar vörur og þjónusta	5	5.559	5.407	11.020	10.677
		5.559	5.407	11.020	10.677
Rekstrarkostnaður					
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu		2.275	2.279	4.548	4.492
Laun og launatengd gjöld	6	1.482	1.529	3.018	3.164
Annar kostnaður		515	562	1.042	1.096
		4.271	4.370	8.608	8.752
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, EBITDA		1.288	1.037	2.412	1.925
Afskriftir	7	(1.242)	(972)	(2.445)	(2.001)
Rekstrarafkoma		46	65	(33)	(76)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Fjármunatekjur	8	8	5	15	23
Fjármagnsgjöld	8	(310)	(305)	(622)	(622)
Gengismunur		(5)	15	3	21
Hrein fjármagnsgjöld		(308)	(284)	(604)	(578)
Áhrif hlutdeildarféлага		(7)	0	3	2
Tap fyrir tekjuskatt		(269)	(219)	(633)	(652)
Tekjuskattur		54	45	127	134
Tap tímabilsins		(215)	(174)	(506)	(518)
Önnur heildarafkoma					
Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur					
Þýðingarmunur		0	0	0	(4)
Heildarafkoma tímabilsins		(215)	(174)	(506)	(522)
Tap á hlut		(0,87)	(0,70)	(2,04)	(2,11)

* Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis vegna þess að Sendafélagið varð hlutdeildarfélag í árslok 2025.

Efnahagsreikningur

30. júní 2026

	Skýr.	30.6.2026	31.12.2025
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir		1.466	1.609
Viðskiptavild		7.818	7.818
Aðrar óefnislegar eignir		4.465	4.634
Leigueignir		7.645	7.869
Eignahlutir í félögum		912	917
Langtímaleigukröfur		82	99
Lán til tengdra		92	1.024*
Tekjuskattseign		461	334
Fastafjármunir samtals		22.941	24.304
Veltufjármunir			
Sýningarréttir		2.147	2.451
Birgðir		315	363
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	9	3.941	3.637
Handbært fé		113	107
Veltufjármunir samtals		6.515	6.558
Eignir samtals		29.456	30.862
Hlutfé		2.476	2.476
Yfirverðsreikningur hlutfjár		542	542
Annað bundið eigið fé		60	39
Óráðstafað eigið fé		4.484	4.993
Eigið fé		7.563	8.050
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		3.286	3.791
Leiguskuldir		11.644	11.824
Langtímaskuldir samtals		14.931	15.615
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		2.449	3.006
Leiguskuldir		548	584
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	10	3.966	3.608
Skammtímaskuldir samtals		6.962	7.197
Skuldir samtals		21.893	22.812
Eigið fé og skuldir samtals		29.456	30.862

*Krafa á sendafélagið endurflokkuð

Skýringar á bls. 9-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. júní 2026

	Yfirverðs- reikningur		Annað bundið eigið fé			
	Hlutfé	hlutfjár	Þýðingar- munur	Bundinn reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
1.1. til 30.6.2025						
Eigið fé 1.1.2025	2.476	542	4	494	5.136	8.652
Tap tímabilsins	-	-	-	-	(518)	(518)
Þýðingarmunur	-	-	(4)	-	-	(4)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(4)	0	(518)	(522)
Kaupréttir	0	0	-	18	-	18
Hagnaður hlutdeildarf. og dótturf. umfram arðgr.	-	-	-	250	(250)	-
Eigið fé 30.6.2025	2.476	542	0	762	4.368	8.148
1.1. til 30.6.2026						
Eigið fé 1.1.2026	2.476	542	0	39	4.993	8.050
Tap tímabilsins	-	-	-	-	(506)	(506)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	0	0	(506)	(506)
Kaupréttir	-	-	-	18	-	18
Hagnaður hlutdeildarf. og dótturf. umfram arðgr.	-	-	-	3	(3)	-
Eigið fé 30.6.2026	2.476	542	0	60	4.484	7.563

Skýringar á bls. 9-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 30. júní 2026

	Skýr.	2026 2F	2025 2F	2026 6M	2025 6M
Tap tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi		(215)	(174)	(506)	(518)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir	7	1.242	972	2.445	2.001
Hrein fjármagnsgjöld		308	284	604	578
Tekjuskattur		(54)	(45)	(127)	(134)
Kaupréttarsamningar		9	9	18	18
Áhrif hlutdeildarfélaga		7	0	(3)	(2)
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		1.297	1.046	2.430	1.943
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, breyting		16	33	48	40
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting		(220)	236	(309)	379
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		77	(529)	367	(422)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		1.170	787	2.537	1.941
Innborgaðar vaxtatekjur		8	5	15	22
Greidd vaxtagjöld		(307)	(312)	(626)	(633)
Handbært fé frá rekstri		871	481	1.926	1.331
Fjárfestingarhreyfingar					
Móttækin arður		0	0	7	0
Endurgreiðsla láns frá tengdum		0	0	938	0
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(77)	(76)	(137)	(139)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(72)	(145)	(263)	(244)
Fjárfesting í sýningarréttum		(542)	(404)	(1.128)	(720)
Fjárfestingarhreyfingar		(691)	(624)	(583)	(1.103)
Fjármögnunarhreyfingar					
Afborganir vaxtaberandi skulda		(84)	(84)	(169)	(169)
Rekstrarlán, breyting		14	475	(894)	353
Afborgun leiguskuldbindinga		(139)	(171)	(275)	(327)
Fjármögnunarhreyfingar		(209)	219	(1.338)	(143)
Breyting á handbæru fé		(29)	76	5	85
Handbært fé í byrjun tímabils		142	273	107	264
Handbært fé í lok tímabilsins		113	349	113	349

Skýringar á bls. 9-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Skýringar

1. Félagið

Sýn hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum þjónustu í gegnum vörumerkin SÝN, SÝN+, SÝN Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, X977 og Já. Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims. Samandreginn árshlutareikningur félagsins nær til starfsemi félagsins á tímabilinu 1.1.2026 - 30.6.2026.

2. Reikningsskilin

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Árshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026 hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreiknings fyrir árið 2025. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2025. Hægt er að nálgast ársreikning Sýnar hf. á heimasíðu félagsins www.syn.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundi þann 26. ágúst 2026.

b. Mat og ákvarðanir stjórnenda

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Það er mat stjórnenda að mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda sé óverulegur.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Mælikvarðar sem ekki byggja á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum

Stjórnendur félagsins hafa skilgreint lykilmælikvarða, EBIT, EBITDA og EBITDAaL, sem þeir telja gagnlega til að varpa ljósi á fjárhagslegan árangur félagsins. EBIT er rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta, en EBITDA er rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta. EBITDAaL er EBITDA að fráðregnum hreinum leigugreiðslum.

Markmið stjórnenda með notkun þessara mælikvarða er að veita fjárfestum og öðrum hagsmunaaðilum skýrari mynd af undirliggjandi rekstrarafkomu félagsins, óháð fjármögnunarformi, skattlagningu og bókhaldstengdum atriðum sem geta verið breytileg milli félaga. Þessir mælikvarðar byggja ekki á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og er ekki ætlað að koma í stað sambærilegra mælikvarða sem byggðir eru á slíkum stöðlum. Þeir ættu því ekki að vera skoðaðir einir og sér, heldur í samhengi við árshlutareikninginn í heild, sem unninn er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur er hluti félagsins sem sinnir atvinnustarfsemi sem getur aflað tekna og haft í för með sér gjöld, þar með talið tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfsþætti innan félagsins. Starfsþættir eru skilgreindir af stjórnendum sem reglulega fara yfir starfsemina til að taka ákvarðanir um úthlutun eigna og til að fylgjast með rekstrarárangri.

Félagið skiptir starfsemi sinni í tvo aðgreinda starfsþætti: fjarskipti og fjölmiðlun. Starfsemi félagsins fer alfarið fram á Íslandi.

Fjarskipti

Starfsemi á sviði fjarskipta felur í sér alla helstu fjarskiptabjónustu, þar á meðal farsíma-, fastlínu- og internetþjónustu, sölu á hlutaneti (IoT), vörusölu til einstaklinga og fyrirtækja, auk hýsingar- og rekstrarlausna. Þjónustan nær til bæði heimila og fyrirtækja og spannar alla virðiskeðju fjarskipta, frá rekstri innviða til dreifingar og stuðningsþjónustu. Vörusala og hýsingar- og rekstrarlausnir eru innifaldar í þessum starfsþætti, en vegna smæðar og eðlis eru þær ekki aðskildir starfsþættir.

Skýringar, frh.:

5. Starfsþáttayfirlit, frh.:

Fjölmiðlun

Starfsemi á sviði fjölmiðlunar nær til auglýsingasölu, reksturs vefmiðla, útvarps og sjónvarps, auk nýmiðlunar undir vörumerkinu Já.is. Hún felur í sér framleiðslu og miðlun efnis, dreifingu á stafrænum og hefðbundnum miðlum og þjónustu við auglýsendur og markaðsaðila. Starfsemi nýmiðlunar í Já.is er hluti af fjölmiðlunarstarfseminni, en vegna smæðar og eðlis hennar er hún ekki aðskilinn starfsþáttur.

Starfsþættir janúar til júní 2026 greinast þannig:

	Fjölmiðlun	Fjarskipti	Stoðsvið og jöfnun	Samtals
Seldar vörur og þjónusta samtals	4.817	6.340	(137)	11.020
Heildarrekstrargjöld starfsþátta	(3.396)	(5.349)	137	(8.608)
EBITDA starfsþátta	1.421	991	0	2.412
Leigukostnaður	(142)	(432)		(575)
EBITDAaL	1.279	559	0	1.837
Fjárfestingar	1.211	317	0	1.528
EBIDTAaL - fjárfestingar	68	242	0	310
Afskriftir				(2.445)
Hrein fjármagnsgjöld				(604)
Áhrif hlutdeildarféлага				3
Tekjuskattur				127
Tap tímabilsins				(506)

Starfsþættir janúar til júní 2025 greinast þannig*:

	Fjölmiðlun	Fjarskipti	Stoðsvið og jöfnun	Samtals
Seldar vörur og þjónusta samtals	4.517	6.352	(193)	10.677
Heildarrekstrargjöld starfsþátta	(3.660)	(5.285)	193	(8.752)
EBITDA starfsþátta	858	1.068	0	1.925
Leigukostnaður	(142)	(488)	0	(630)
EBITDAaL	715	580	0	1.295
Fjárfestingar	808	295	0	1.103
EBIDTAaL - fjárfestingar	(93)	285	0	192
Afskriftir				(2.001)
Hrein fjármagnsgjöld				(578)
Áhrif hlutdeildarféлага				2
Tekjuskattur				134
Tap tímabilsins				(518)

*Starfsþáttayfirlit fyrra árs hefur verið uppfært til samræmis við þá breytingu að sendafélagið varð hlutdeildarfélag í árslok 2025. Þá hefur afskriftum stoðsviðs jafnframt verið úthlutað á starfsþætti.

Skýringar, frh.:

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2026	2025	2026	2025
	2F	2F	6M	6M
Laun	1.235	1.357	2.553	2.653
Lífeyrissjóðsgjöld	166	181	331	354
Kostnaður vegna kaupréttasamninga	9	9	18	18
Önnur launatengd gjöld	113	88	226	328
Eignfærð laun	(41)	(105)	(110)	(189)
Laun og launatengd gjöld samtals	1.482	1.529	3.018	3.164

7. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2026	2025	2026	2025
	2F	2F	6M	6M
Afskriftir rekstrarfjármuna	150	219	303	442
Afskriftir annarra óefnislegra eigna	151	136	304	275
Afskriftir sýningarrétta	737	396	1.432	847
Afskriftir vörumerkja og viðskiptasambanda	52	52	104	104
Afskriftir leigueigna	151	171	302	334
Afskriftir samtals	1.242	972	2.445	2.001

8. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2026	2025	2026	2025
	2F	2F	6M	6M
Vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	6	4	12	19
Vaxtatekjur af leigukröfum	1	2	3	3
Fjármunatekjur samtals	8	5	15	23
Vaxtagjöld og önnur þjónustugjöld	(155)	(152)	(320)	(315)
Vaxtagjöld af leiguskuldum	(155)	(153)	(302)	(307)
Fjármagnsgjöld samtals	(310)	(305)	(622)	(622)

9. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	30.6.2026	31.12.2025
Viðskiptakröfur	3.362	3.383
Aðrar skammtímakröfur	628	292
Leigukröfur	30	31
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(79)	(69)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	3.941	3.637

Skýringar, frh.:

10. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	30.6.2026	31.12.2025
Viðskiptaskuldir	1.973	1.903
Ógreiddur virðisaukaskattur	327	277
Fyrirfram innheimtar tekjur	710	642
Ógreiddur áfallinn kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	955	785
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	3.966	3.608

11. Önnur mál

Málarekstur

Sýn hf. („félagið“) á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðargreiðslur og ávinning með áþreifanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótarskuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið. Einnig kann félagið að eignast dæmdar kröfur á hendur þriðju aðilum, sbr. mál nr. E-6857/2025, að neðan:

Vegna þessara ágreiningsmála hefur hvorki skuldbinding né krafa verið færð í árshlutareikning félagsins.

Nú verður gerð grein fyrir helsta málarekstri þar sem Sýn á beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta:

Skaðabótakröfur gegn Auðkenni ehf.

Í héraðsdómsmáli nr. E-6857/2025 gerir Sýn þá kröfu að Auðkenni verði gert að greiða félaginu 978.681.357 krónur auk dráttarvaxta. Er byggt á því að Auðkenni beri að greiða félaginu fyrir SMS skilaboð sem Auðkenni hefur sent Sýn til miðlunar yfir fjarskiptanet félagsins. Sýn tilkynnti Auðkenni um það árið 2023 að félagið myndi krefjast greiðslu vegna skilaboðanna en Auðkenni hefur frá þeim tíma sent SMS til miðlunar yfir fjarskiptanet Sýnar í tugmilljóna tali. Sýn byggir kröfuna á meginreglu kröfuréttarins um að sá sem veiti þjónustu eigi rétt til endurgjalds. Auðkenni hefur hafnað kröfunni og skilað greinargerð í málinu. Gagnaöflun stendur og ekki liggur því fyrir hvenær aðalmeðferð fer fram.

Mál fyrir eftirlitsstofnunum

Ágreiningur um kostnað vegna neyðarboða – Úrskurður ÚFP nr. 7/2024

Visað er til umfjöllunar í ársreikningi vegna reikningsársins 2025 um ágreining um kostnað vegna neyðarboða, en viðræður standa yfir um uppgjör í kjölfar úrskurðar ÚFP nr. 7/2024, sem mælti fyrir um endurgjald til handa Sýn á kostnaði vegna lúkningargjalda.

Ársfjórðungsfirli

	2025	2025	2025	2025	2026	2026
	1F	2F	3F	4F	1F	2F
Rekstrartekjur						
Seldar vörur og þjónusta	5.270	5.407	5.230	6.073	5.461	5.559
	5.270	5.407	5.230	6.073	5.461	5.559
Rekstrarkostnaður						
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	2.213	2.279	2.129	2.282	2.273	2.275
Laun og launatengd gjöld	1.636	1.529	1.447	1.588	1.536	1.482
Annar kostnaður	534	562	525	551	528	515
	4.382	4.370	4.101	4.422	4.336	4.271
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, EBITDA	888	1.037	1.129	1.652	1.124	1.288
Afskriftir	(1.029)	(972)	(1.126)	(1.268)	(1.203)	(1.242)
Rekstrarafkoma	(141)	65	3	384	(79)	46
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)						
Fjármunatekjur	17	5	5	8	7	8
Fjármagnsgjöld	(317)	(305)	(323)	(327)	(312)	(310)
Gengismunur	6	15	8	(8)	9	(5)
Hrein fjármagnsgjöld	(294)	(284)	(310)	(327)	(296)	(308)
Áhrif hlutdeildarfélaga	2	0	3	2	10	(7)
Tap fyrir tekjuskatt	(433)	(219)	(303)	59	(364)	(269)
Tekjuskattur	89	45	64	63	73	54
Tap af áframhaldandi starfsemi	(344)	(174)	(239)	122	(291)	(215)
(Tap) hagnaður tímabilsins	(344)	(174)	(239)	122	(291)	(215)
Önnur heildarafkoma						
<i>Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur</i>						
Þýðingarmunur	(4)	0	0	0	0	0
Heildarafkoma tímabilsins	(348)	(174)	(239)	122	(291)	(215)
EBITDAaL tímabilsins	582	716	821	1.339	842	995